



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

María Markúsdóttir
Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

Akureyri, 14. júlí 2023
MÍ202307-0050/ 6.09 / S.G.

Akureyrarflugvöllur, heildarendurskoðun deiliskipulags

Með tölvupósti sendum 13. júlí 2023 óskaði María Markúsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála hjá Akureyrarbæ eftir umsögn Minjastofnunar um tillögu að endurskoðun deiliskipulags fyrir Akureyrarflugvöll. Meðfylgjandi var skipulagsuppdráttur dagsettur 17. maí 2023 og greinargerð dagsett 4. júlí 2023.

Skipulagið sem um ræðir er heildarendurskoðun á deiliskipulagi Akureyrarflugvallar. Akureyrarflugvöllur er staðsettur á leirunum við ósa Eyjafjarðarár. Í kafla 3.4 um Náttúruminjar er vísað í fornleifaskráningu frá 1996 og sagt að ekki séu neinar fornleifar á skipulagssvæðinu.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur að áður en deiliskipulag er afgreitt skuli skráning fornleifa, húsa og mannvirkja hafa farið fram á vettvangi. Sú skráning menningarminja sem liggur fyrir uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um skráningu og því þarf að endurskoða hana vegna þessa skipulags.

Til að geta metið þörf á skráningu húsa og mannvirkja innan deiliskipulagssvæðisins, þarf að taka saman yfirlit um hús og mannvirki innan þess þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: götuheiti og númer og/eða heiti húss ef það á við, byggingarár skv. Fasteignaskrá og hönnuður sé hann þekktur. Á grundvelli þessa yfirlits getur Minjastofnun metið hvort þörf sé á frekari skráningu húsa og mannvirkja á svæðinu.

Taka þarf tillit til minja ef þær finnast innan svæðisins við útfærslu skipulagsins auk þess sem fjalla þarf um þær og áhrif skipulagsins á þær í greinargerð/umhverfisskýrslu. Útlínur sýnilegra fornleifa skulu færðar inn á skipulagsuppdrátt svo fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna, sem og punktar þar sem ekki sést til minja á yfirborði.

Deiliskipulagstillagan þarf svo að koma til umsagnar hjá Minjastofnun þegar skráning liggur fyrir. Í kjölfarið getur Minjastofnun tekið afstöðu til þess hvort menningarminjar séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Rétt er að vekja athygli á því að skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja telst ekki lokið á tilteknu svæði fyrr en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands skv. 15. gr. laga um menningarminjar auk þess sem sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Endurskoða þarf skráningu menningarminja og að taka saman yfirlit um hús og mannvirki innan skipulagssvæðisins.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:

Skipulagsstofnun